



Reykjavík 23.11.2016

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. nóvember 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Vogabyggð

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2016, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Vogabyggðar. Í tillögunni felast breyttar heimildir um fjölda íbúða, nánari skilgreining íbúðarbyggðar, skilgreining nýs svæðis fyrir samfélagsþjónustu, breytt lega stíga og breytingar varðandi forgangs röðun byggingarsvæða. Einnig er lagt fram bréf skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2016 þar sem koma fram ábendingar og bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 13. júlí 2016, vegna bókunar frá 67. fundi svæðisskipulagnefndar höfuðborgarsvæðisins. Tillagan var auglýst frá 19. ágúst til og með 30. september 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Snarfari, dags. 28. september 2016 og Íbúasamtök Laugardals, dags. 30. september 2016. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016 ásamt lagfærðri tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. nóvember 2016.

Sverrir Bollason vísar af fundi undir þessum lið.

Samþykkt með vísan til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísad til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: lagfærð tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. nóvember 2016, bréf skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2016, bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 13. júlí 2016, innsendar athugasemdir og umsögn umhverfis og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Vogabyggð (reitur nr. 37)

Fjöldi íbúða og skilgreining íbúðarbyggðar
Svæði fyrir samfélagsþjónustu við Naustavog
Breytt lega stíga
Forgangsröðun byggingarsvæða

Breyting á aðalskipulagi

Sbr. 1. mgr., 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, málsmeðferð samkvæmt 30.-32. gr.



Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20_.

1	Forsendur breytinga	5
1.1	Gildandi skipulag	5
1.2	Helstu forsendur breytinga	7
1.3	Markmið breytinga	10
2	Breytingartillögur.....	11
2.1	Fjöldi íbúða og skilgreining íbúðarbyggðar.....	11
2.2	Nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu og breytt lega stíga. Þéttbýlisuppráttur	13
2.3	Forgangsröðun byggingarsvæða	13
3	Áhrif breytinga og samræmi við megin markmið AR2010-2030	14
3.1	Áhrif breytinga á umhverfi og náttúru.	14
3.2	Áhrif fjölgunar íbúða á þjónustustofnanir í hverfinu.....	14
3.3	Áhrif breytinga á umferð frá svæðinu.	14
3.4	Samræmi breytingartillögu við megin markmið aðalskipulagsins.....	15
4	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	16
5	Afgreiðslu- og kynningarferli	17
6	Viðauki	18
6.1	Minnisblað um skólamál.....	19
6.2	Bygging íbúðarhúsnæðis 2010-2020. Endurmat forsendna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og samræmi við áætlanir AR2010-2030 og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis.....	20
6.3	Umsagnir	21
6.4	Afgreiðsla athugasemda	22

1 Forsendur breytinga

1.1 Gildandi skipulag

Vogabyggð (reitur 37, sbr. mynd 13, bls. 32)¹ er hluti Elliðaársvogs, eins af lykil byggingarsvæðum Reykjavíkur samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030). Í greinargerð aðalskipulagsins segir um svæðin við Elliðaárvog: „Uppbygging blandaðrar byggðar við Elliðaárvoginn er mikilvægur liður í því að efla tengsl byggðarinnar í Reykjavík við hafið. Eitt meginkenni við þróun borgarinnar á 20. öld er uppbygging hafnar- og iðnaðarsvæða með allri norðurströndinni, við Sundin þar sem veðursæld er hvað mest við sjávarsíðuna. Langtímamarkmið borgarinnar hlýtur að vera að endurheimta þessi svæði fyrir þéttari og blandaðri byggð og auka þannig tengslin við strandlengjuna. Lykiláfangi í þessari þróun er endurskipulagning iðnaðarsvæða í Ártúnshöfða og við Súðarvog. Í aðalskipulaginu 2010-2030 er gert ráð fyrir að þétt, blönduð og vistvæn byggð rísi í áföngum í Elliðaárvogi á skipulagstímabilinu, eftir því sem iðnaður vikir af svæðinu.“ (bls. 38, sjá um Elliðaárvog, í kaflanum *Borgin við Sundin*, aðalskipulag.is).



1. mynd. Í Aðalskipulaginu 2010-2030 er lögð áhersla á að horfa á byggð beggja vegna Elliðaársvogs sem eina heild (reitir 37-40). Alls var gert ráð fyrir 3200 íbúðum (eða 3.800 ef miðað er við hæstu vikmörk fyrir svæði í heild) og tveimur skólahverfum. Gert er ráð fyrir að uppbygging hefjist fyrst á reit 37, Vogabyggð, vestan Elliðaársvogs. Myndin til vinstri sýnir áfangaskiptingu samkvæmt rammaskipulagi frá 2006 (sjá mynd 21, bls. 39) og myndin til hægri sýnir reitaskiptingu uppbyggingar við Elliðaárvog samkvæmt aðalskipulaginu (hluti myndar 13, bls. 32-33).

Vogabyggð er fyrsti áfanginn í endurskipulagningu svæðanna við Elliðaárvog (sjá 1. mynd) og því var ráðist í að halda samkeppni um svæðið strax í lok árs 2013, eftir að aðalskipulagið hafði hlotið samþykkt í borgarstjórn (sjá um samkeppni í kafla 1.2.). Við ákvörðun um byggingarmagn og landnotkun í Vogabyggð var meðal annars lagt til grundvallar rammaskipulag sem VSÓ-ráðgjöf og Kanon-arkitektar unnu fyrir Reykjavíkurborg á árunum 2005 til 2006. Samkvæmt því var gert ráð fyrir um 3.200 íbúðum við Elliðaárvog, þar af 400 íbúðum vestan vogsins við Súðarvog og í nágrenni. Nettóaukning atvinnuhúsnæðis á svæðinu var áætluð um 100 þúsund m², en ljóst var að töluvert niðurrif yrði á eldra atvinnuhúsnæði vegna nýrrar íbúðarbyggðar. Stefna aðalskipulagsins tók í meginatriðum mið af þessu, en ákveðið var að skilgreina svæðið næst Sæbraut, ásamt Knarrarvogi,

¹Almennt er stuðst er við skipulagsgögn úr staðfestri útgáfu aðalskipulagsins (sjá aðalskipulag.is), til að lýsa breytingum og til skýringa. Reglan er því að vísa til blaðsíðustals í staðfestri útgáfu aðalskipulagsins en í sumum tilvikum er einnig vísað til gagna í prentaðri útgáfu aðalskipulags.

sem miðsvæði (M19) en svæðin nær sjávarsíðunni sem íbúðarbyggð (sjá 2. mynd, hluti þéttbýlisuppráttar). Rammaskipulagið frá 2006 tók ekki til svæðisins norðan Gelgjutanga sem var áður hluti hafnarsvæðisins H4 (sjá svæði 1, mynd 4) en því svæði var breytt í íbúðarbyggð á lokaskrefunum við samþykkt AR2010-2030. Það leiddi þó ekki til þess að áætlað byggingarmagn í Vogabyggð yrði endurmetið og má því segja að heildarbyggingarmagn á svæðinu hafi verið mjög varlega áætlað.



2. mynd. Gildandi skipulag samkvæmt þéttbýlisupprætti. Gert er ráð fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á miðsvæði (M19) næst Sæbraut, en íbúðarbyggð á svæðum nær sjávarsíðunni. Opnu svæðin við Elliðaárvog eru skilgreind sem strandsvæði (ST9). (Hluti þéttbýlisuppráttar).

Megin forsendur um byggingarmagn, landnotkun og yfirbragð byggðar:

Samkvæmt mynd 13 (bls. 32-33) og töflu 3 (bls. 52) gilda eftirfarandi byggingaheimildir um Vogabyggð (reit 37, þróunarsvæði nr. 52)²: Svæði til uppbyggingar 480 íbúða að hámarki³ og nettóuppbyggingar atvinnuhúsnæðis um allt að 48 þúsund m² að hámarki.⁴ Á svæðinu voru fyrir um 70 þúsund m² atvinnuhúsnæðis, þarf af um 45 þúsund m² á þeim hluta svæðisins sem ætlaður er undir íbúðarbyggð og 25 þúsund m² á svæðinu sem er skilgreint sem miðsvæði (M19). Byggingarheimildir um atvinnuhúsnæði í Vogabyggð eru samkvæmt þessu allt að 118 þúsund m² á svæðinu í heild (reit 37).⁵ Miðsvæðið innan Vogabyggðar (M19. Knarrarvogur) er skilgreint með eftirfarandi hætti: „Einkum skrifstofur, ýmis þjónusta og léttur iðnaður auk íbúða.“ (sjá kaflann Landnotkun, bls. 209, einnig bls. 53). Ákvæði um hæðir húsa eru 3-5 hæðir en í deiliskipulagi er hægt að rökstyðja byggingar uppá allt að 7 hæðir, einkum ef hæðir eru inndregnar.

² „Þ52 Vogabyggð. Miðsvæði (M19) og íbúðarbyggð. Gert ráð fyrir íbúðum og skrifstofum, auk verslunar og þjónustu. Áhersla á 3-5 hæða randbyggð, heildstæðar götumyndir og borgarmiðað gatnakerfi. Áætluð aukning atvinnuhúsnæðis (nettó) um 40 þúsund fermetrar, auk 400 íbúða.“, sjá B-hluta aðalskipulagsins, bls. 259.

³ Miðað við 20% gefin vikmörk, sjá mynd 13. bls. 32

⁴ Miðað við 20% gefin vikmörk, sjá töflu 3, bls. 52.

⁵ Í samræmi við stefnu AR2010-2030 um miðsvæði (M19) næst Sæbraut sem þjónar sem ákveðin hljóðvörn fyrir íbúðarbyggðina, má gera ráð fyrir að megnið af endurbyggðu atvinnuhúsnæði í Vogabyggð, rísi á miðsvæðinu þó gera megi ráð fyrir einhverju atvinnuhúsnæði í bland innan íbúðarbyggðarinnar, meðal annars í randbyggðinni syðst í Súðarvogi.

Almenn markmið um þróun og uppbyggingu svæðisins:

Lögð er áhersla á þetta, blandaða byggð og vistvænar lausnir við uppbyggingu hverfisins (sjá Elliðaárvogur í kaflanum *Borgin við Sundin*, bls. 39). Í samræmi við megin markmið aðalskipulagsins er lögð áhersla á 3-5 hæða randbyggð, heildstæðar götummyndir og borgarmiðað gatnakerfi. Í hússnæðisstefnu aðalskipulagsins er lögð áhersla á félagslega blöndun innan hverfa og fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta. Sérstök áhersla er á framboð smærri íbúða og megin viðmiðið er að 25% íbúða verði á viðráðanlegu verði. Horft hefur verið á Vogabyggð sem hluti framtíðar borgarhluta við Elliðaárvoginn. Vogabyggð myndaði þannig skólahverfi með hverfum sem risu austan vogsins, en þar eru ráðgerðir 2 grunnskólar samkvæmt aðalskipulaginu. Í ljósi þess að uppbygging hæfist fyrr í Vogabyggð en annars staðar við Elliðaárvoginn var þó gert ráð fyrir því að nemendur í Vogabyggð gætu sótt grunnskóla í Vogaskóla til að byrja með.

Opin svæði og samspil við útivist:

Vogabyggð liggur að Elliðaárvognum og þeim opnu grænu svæðum sem þar eru skilgreind og þjóna byggðinni beggja vegna vogsins (ST9).⁶ Útivistarsvæðin við voginn mynda heild með borgargarðinum sem skilgreindur er í Elliðaárdalnum (OP4). Næst Vogabyggðinni eru Háubakkar sem eru friðlýstir sem náttúruvætti. Í B-hluta aðalskipulagsins eru útivistarsvæðin skilgreind með eftirfarandi hætti: „Gelgjutangi-Naustavogur. Strandsvæði. Háubakkar við Arnarvog eru friðlýstir sem náttúruvætti. Á Gelgjutanga er hafnaraðstaða fyrir skemmtibáta. Gert er ráð fyrir betri stígatengingum og aðgengi um svæðið.“⁷ Gert er ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við smábátahöfnina við Naustavog.⁸

Vogabyggð er í forgangi meðal byggingarsvæða aðalskipulagsins og gert ráð fyrir undirbúningi og uppbyggingu á tímabilinu 2012 til 2016 (sjá mynd 13, bls. 32-33 og mynd 14, bls. 34).

1.2 Helstu forsendur breytinga

Efnt var til samkeppni um skipulag byggðar í Vogabyggð í lok árs 2013 eða á þeim tíma sem Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var í loka samþykktarferli. Í samkeppninni voru megin forsendur nýs aðalskipulags lagðar til grundvallar en eins og ávallt í samkeppnum var keppendum einnig gefið ákveðið svigrúm til að horfa á möguleika svæðisins í víðara samhengi. Niðurstöður samkeppninnar lágu fyrir í lok janúar 2014. Sigurvegurum samkeppninnar var í framhaldinu falið að vinna tillögu að rammaskipulagi fyrir svæðið (sjá mynd 3, tillaga ráðgjafateymis) og kjölfar þess að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir einstaka áfanga uppbyggingarinnar (sjá mynd 4).

Tillögu úr samkeppninni og rammaskipulagsvinnunni leiddu í ljós að mun meira byggingarmagn rúmast í Vogabyggð en núverandi forsendur aðalskipulags segja til um, jafnvel þó gengið væri almennt út frá sömu megin markmiðum um yfirbragð byggðar þ.e. „3-5 hæða randbyggð, heildstæðar götummyndir og borgarmiðað gatnakerfi“. Aukning byggingarmagns felst fyrst og fremst í fjölgun íbúða á svæðinu og gefur það tilefni til að skoða Vogabyggð sem heildstætt skólahverfi. Miðað við hógværa fjölgun íbúða á svæðinu, sbr. gildandi aðalskipulag, var gert ráð fyrir að nemendur sem byggju í hverfinu gætu sótt Vogaskóla til að byrja með en síðar meir yrði hverfið hluti skólahverfis austan við Elliðaárósa.

⁶ Strandsvæði er skilgreind með eftirfarandi hætti: „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð).“

⁷ Í B-hluta aðalskipulagsins (bls. 262) eru svæðin þó merkt OP4, líkt og Elliðaárdalur en fá sína sér skilgreiningu.


⁸ Sbr. einnig hugmyndir í rammaskipulagi frá 2006, sjá kafla um Elliðaárvog, bls.38-39.



3. mynd. Úr tillögu að skipulagi Vogabyggðar (Teiknistofan Tröð, felixx & javantspijker). Tillagan gerir ráð fyrir verulegri fjölgun íbúða, svo mörgum að þær gætu staðið undir nýjum grunnskóla. Möguleg staðsetning grunn- og leikskóla er við Naustavog. Hönnunarforsendur skólans þarf að skoða í samhengi við skilgreiningu skólahverfa austan við Elliðaárvog. Á kortið eru merkt nokkur örnefni sem koma fram í breytingartillögnum.

Vegna þessa hefur verið horft á þann möguleika að byggja skóla við Naustavog, sunnan athafnasvæðis smábátahafnarinnar. Skólabygging á svæðinu gæti hýst mögulega 1-7 bekk grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili. Endanlegar hönnunarforsendur skólans þurfa að taka mið af rammaskipulagi væntanlegrar byggðar austan vogsins og skiptingu hennar í skólahverfi. Staðsetning skólans á tanganum kallar á bættar tengingar frá Vogabyggð og gera verður ráð fyrir breyttu skipulagi stígakerfis, samanber hugmyndir sem settar eru fram í rammaskipulagi.

Í ljósi þess að meðalfjöldi nemanda á hverja íbúð fer lækkandi og sýnt að svo muni verða áfram, er mikilvægt að tryggja nægjanlegan fjölda íbúða í hverju skólahverfi. Ákvörðun um byggingu grunnskóla í Vogabyggð kallar því á að ákveðinn lágmarksfjöldi íbúða verði byggður í hverfinu. Í því samhengi þarf



4. mynd. Áætlun um skipting Vogabyggðar í deiliskipulagsáfanga. Við gerð rammaskipulags og undirbúning aðalskipulagsbreytingar er horft til svæðisins í heild. Aðalskipulagsbreytingin verður auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi fyrir áfanga 2.

að skoða hlutfall íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis á svæðinu og mögulega fjölgun íbúða á kostnað atvinnhúsnæðis, án þess þó að markmiðum um blöndun byggðar verði raskað. Auk atvinnuhúsnæðis á miðsvæðinu meðfram Sæbraut, er lögð áhersla á að þrífaleg atvinnustarfsemi, s.s. léttur iðnaður geti verið heimill innan hluta íbúðarbyggðarinnar. Hér er einkum átt við randbyggðina í Súðarvogi, næst Elliðaárvoginum (svæði 3. mynd 4).

Vinnan við rammaskipulag Vogabyggðar og drög að deiliskipulagi fyrstu áfanga uppbyggingar kallar á eftirfarandi breytingar á gildandi aðalskipulagi:

1. Breyttar heimildir um fjölda íbúða í Vogabyggð. Íbúðum verði fjölgað þannig að byggðin myndi sjálfstætt skólahverfi. Ætla má að lágmarksstærð skólahverfa sé um 1200 íbúðir og er því lagt til að íbúðum á svæðinu fjölgi úr 400 í 1300. Jafnframt verði sett fram sérstök skilgreining fyrir íbúðarbyggðina (ÍB) á svæðinu vegna heimilda um atvinnustarfsemi innan byggðarinnar.
2. Skilgreint verður svæði fyrir samfélagsþjónustu við Naustavog, sunnan smábátahafnarinnar, sem rúmar grunn- og leikskóla, auk frístundaheimilis.
3. Vegna bættra tengsla Vogabyggðar við Naustavog, þarf að breyta skipulagi stígakerfis og kerfi stíga innan byggðarinnar í Vogabyggð.
4. Vegna fjölgunar íbúða í Vogabyggð og í ljósi uppbyggingarhraða á tímabili AR2010-2030, er lagðar til breytingar á skilgreiningu byggingartímabila fyrir einstök svæði. Fyrir liggur að íbúðum hefur fjölgað, með aðalskipulagsbreytingum, á nokkrum byggingarsvæðum. Enn

fremur er ljóst að uppbygging hefst síðar en ráð var fyrir gert á mörgum byggingarsvæðum m.a. í Vatnsmýri, og fjöldi íbúða er undir viðmiðum á einstökum öðrum reitum. Gerð er grein fyrir stöðu uppbyggingar íbúðarhúsnæðis frá árinu 2010 og samkvæmt áætlunum til 2020 í Viðauka 6.2. Þar er jafnframt gerð grein fyrir samræmi við þróunaráætlun svæðisskipulagsins og hvernig raun uppbygging er í samanburði við ááætlanir AR2010-2030.

Breytt áform um uppbyggingu í Vogabyggð leiða ekki til breytinga á heimildum um atvinnuhúsnæði,⁹ ákvæðum um hæðir húsa eða yfirbragð byggðar. Fyrirhuguð uppbygging er talin vera í góðu samræmi við öll megin markmið aðalskipulagsins um þétta og blandaða byggð, vistvæna uppbyggingu hverfa, heildstætt yfirbragð byggðar, borgarmiðað gatnakerfi og hverfi sem styðja við fjölbreytta ferðamáta.

Gengið er útfrá því að mögulegar breytingar á aðalskipulaginu hafi ekki áhrif á umhverfi og staðhætti umfram það sem gert er ráð fyrir í núgildandi skilmálum og markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og í umhverfisskýrslu þess. Megin áhrif breytingar er á samgöngur og mögulega aukningu bílumferðar. Breytingin á aðalskipulagi er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. skipulagslaganna (sjá kafla 3). Gerð er ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagi og sérstöku fylgiriti með tillögnum.

Tillaga að breyttu aðalskipulagi vegna Vogabyggðar er kynnt samhliða deiliskipulagi fyrir fyrsta áfanga uppbyggingar í Vogabyggð, svæði 2 (sjá mynd 4).

1.3 Markmið breytinga

- Skapa hverfi sem byggt verður upp á vistvænan hátt í samræmi við megin markmið aðalskipulagsins, húsnæðisstefnu borgarinnar og samningsmarkmið borgarráðs um uppbyggingu nýrra svæða.
- Tryggja að Vogabyggð verði sjálfstætt skólahverfi sem stendur undir samfélagsþjónustu, verslun, þjónustu og vönduðum almenningsrymum

⁹ Í drögum að deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á miðsvæðinu M19 verði heimilt að allt að 20% byggingarmagnsins verði íbúðir. Reikna má með að þær heimildir verði fullnýttar.

2 Breytingartillögur

2.1 Fjöldi íbúða og skilgreining íbúðarbyggðar

Breyting á mynd 13, í kaflanum *Borgin við Sundin*, varðandi heimildir um fjöldi íbúða.

Skilgreining fyrir Vogabyggð (nr. 33) breytist með eftirfarandi hætti, sjá mynd 13, bls. 32-33 í kaflanum *Borgin við Sundin* í staðfestri útgáfu aðalskipulagsins á reykjavik.is (sbr. mynd 13, bls. 42-43 í prentaðri útgáfu):

Heimild um fjölda íbúða verður **1300** í stað 400 áður.

Aðeins hluti töflu á mynd 13 er sýndur hér að neðan
Neðanmálgreinar með töflunni eru óbreyttar.

Vogabyggð verði skilgreind sem íbúðarbyggð, ÍB58¹⁰, á þéttbýlisupprætti (sjá kafla 2.2) og fái eftirfarandi sér skilgreiningu í kaflanum Landnotkun, Íbúðarbyggð (ÍB), bls. 204:

„ÍB58. Vogabyggð. Almennar heimildir um íbúðarbyggð, samanber að framan. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnustarfsemi, verslun, þjónusta, léttur og þrifalegur iðnaður geti verið heimill. **Við Dugguvog og nýja götu í framhaldi hans til norðurs, þ.e. þann hluta götunnar sem er innan íbúðarbyggðar, gilda sömu heimildir og á aðalgötum, sbr. skilgreiningu aðalgatna á bls. 204-205.**“

¹⁰ ÍB58 er íbúðarbyggð sem tekur til alls svæðisins sem skilgreint er sem íbúðarbyggð í Vogabyggð, þ.e. reita nr. 1, 2 og 3 sbr. 4. mynd, um deiliskipulagsáfangna á svæðinu.

Íbúðarsvæði og blönduð byggð 2010-2030.*

Helstu byggingarsvæði vestan Elliðaána

Nr.	Heiti	Fjöldi íbúða	Stærð ha	Þéttleiki (íbúðir/ha)	Hæðir húsa**	Tímabil***
1	Keilugrandi	65	0,67	100	4-6	2012-2016
2	Lýsisreitur	150	0,80	200	3-9	2012-2016
3	Byko-reitur	70	0,44	150	5-7	2012-2016
4	Landhelgisreitur	50	0,25	200	3-5	2012-2016
5	Héðinsreitur	275	0,97	285	5-7	2012-2016
6	Slippasvæði-Nylendureitur	330	5,00	100	1-5	2012-2016
7	Miðbakkí-Harpa	150	7,30	100	1-5	2016-2024
8	Kvosin	100			3-5	2012-2030
9	Laugavegur+	250	5,00		2-5	2012-2030
10	Skuggahverfi	100	0,60	175	6-16	2012-2016
11	Barónsreitur-Skúlagata	80-200	1,20	170	4-6/ 6-16	2012-2020
12	Vísindagarðar	300s	7,00	(200)	3-5	2012-2016
13	Hlíðarendi	500s	11,00	60	3-5	2012-2020
14	Fluggarðar	300s	5,00	60	3-5	2016-2020
15	Öskjuhlíð-HR	300s	3,00	(100)	3-4	2012-2020
16	Skerjafjörður	800	23,00	60	3-5	2016-2020
17	Vatnsmýri – norður/suður I	950	12,00	60	3-5	2022-2030
18	Vatnsmýri – norður/suður II	700	27,00	60	3-5	2022-2030
19	Vatnsmýri – austur/vestur	3.300	58,00	60	3-5	2024+
20	Sætún-Lögreglustöðvarreitur	100	5,70	100	4-6	2012-2016
21	Höfðatorg	250	2,60	175	7-16	2012-2016
22	Hampiðjureitur	150	0,65	230	2-7	2012-2016
23	Ásholtsreitur	100s	0,30	(300)	3-5	2012-2016
24	Einholt-Þverholt	250	1,00	250	4-6	2012-2016
25	Laugavegur-Skipholt	100	11,70		3-5	2012-2030
26	Bílanautsreitur	200	1,10	200	5-10	2012-2016
27	Kirkjusandur-SVR-lóð	300	6,00	150	2-5/5-8	2016-2020
28	Blómavalsreitur	100	1,00	100	3-5	2016-2020
29	Köllunarklettur	200	10,00	100	3-5	2016-2020
30	Suðurlandsbraut-Laugardalur	450	4,20	4,20	3-8	2016-2030
31	Kringlan	150	12,50	100	6-12	2020-2024
32	Sléttuvegur	250	4,50	50	2-4	2012-2016
33	Skeifan	500	18,50	60	4-6	2016-2030
34	SS-reitur	150	2,60	100	3-5	2016-2020
35	KHF-reitur	50s	1,20	75	6-8	2012-2020
36	Borgarspítalareitur	150	3,30	25	2-3	2012-2030
37	Vogabyggð	1300	13,50	95	3-5	2012-2016

* Byggingarreitir með fleiri en 50 íbúðum (m.v. almennar íbúðir 120 m² að meðalstærð). Um er að ræða fjölgun íbúða á viðkomandi svæði. Þéttling allt að 49 íbúðum er möguleg á öðrum reitum en hér eru tilgreindir, án þess að breyting sé gerð á aðalskipulaginu.

** Möguleg frávik frá viðmiðum í deiliskipulagi -1/+2 hæðir (einkum innregið), verði rökstudd sérstaklega. Frávik í miðborginni innan gömlu Hringbrautar, sbr. mynd 9 í Borg fyrir fólk, eru -1/+1 og þá aðeins ef um innregna hæð er að ræða. Við mat á hæð nýbygginga skal almennt miða við að jarðhæð sé um 4 m en meðalhæð annarra hæða um 3 m. Sjá nánar stefnu um hæðir húsa.

***Tímasetning á undirbúningi uppbyggingar. Til viðmiðunar. Sjá meginmarkmið um forgangsöðun svæða á mynd 14.

s Smáíbúðir, nemandíbúðir eða íbúðir fyrir eldri borgara, að hluta eða öllu leyti.


Vikmörk á fjölda íbúða geta verið -10%/+20%. Vikmörk -10%/+20% miðast við einstök svæði. Vikmörk fyrir einstök svæði eru ekki sjálfgefin og þau hafa samþykki umhverfis- og skipulagsráðs á hverjum tíma. Miða skal við að vikmörk verði ekki meiri en 10% þegar á heildina er litið. Vöktun og eftirlit með þróun uppbyggingar verði tryggt með árlegum aðgerðaráætlunum og uppbyggingaráætlunum, þar sem m.a. verði hugað að þróun uppbyggingar á einstökum byggðasvæðum, sbr. ákvæði svæðisskipulags.

2.2 Nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu og breytt lega stíga. Þéttbýlisuppráttur

Lagt er til að skilgreint verði svæði fyrir samfélagsþjónustu við Naustavog, sunnan smábátahafnarinnar, sem rúmar grunn- og leikskóla, auk frístundaheimilis. Auk þess eru lagðar til breytingar á kerfi stofn- og tengistíga, innan Vogabyggðar og tengsla byggðarinnar við aðliggjandi útivistarsvæði og væntanlega samfélagsþjónustu við Naustavog.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þéttbýlisupprætti:

1. Afmarkað verður svæði fyrir samfélagsþjónustu (S) , um 1.5 ha svæði, við Naustavog sem áður var skilgreint sem strandsvæði ST9
2. Lega stíga innan Vogabyggðar breytist lítillaga, stígum fjölgað og gert ráð fyrir stígatengingum frá byggðinni að Naustavogi
3. Vogabyggð verður merkt sem íbúðarbyggð ÍB58.¹¹
4. Leiðrétt er afmörkun hins friðlýsta svæðis við Háubakka, skv. gögnum Umhverfisstofnunar.



2.3 Forgangsröðun byggingarsvæða

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á skilgreindum byggingartímabilum,¹² sbr. mynd 13, bls.32-33 og mynd bls. 14, bls. 34, í ljósi breyttra forsenda um fjölda íbúða á einstökum svæðum, raunhraða uppbyggingar íbúðarhúsnæðis,¹³ og samræmi við áætlanir AR2010-2030 og þróunaráætlun svæðisskipulagsins. Sjá Viðauka 6.2.:

Reitur nr. 16. Skerjafjörður (800 íbúðir) verði settur á tímabilið 2016-2020 í stað 2012-2016.

Reitur 14. Fluggarðar (300 íbúðir) verði settur á tímabilið 2016-2020 í stað 2012-2020.

¹¹ ÍB58 er íbúðarbyggð sem tekur til alls svæðisins sem skilgreind er sem íbúðarbyggð í Vogabyggð, þ.e. reita nr. 1, 2 og 3 sbr. 4. mynd, um deiliskipulagsáfangu á svæðinu.

¹² Ekki er tímabært að endurmeta stefnu fyrir reiti 38-40, austan Elliðaársvogs, eins og vikið var að í verklýsingu, fyrr en niðurstaða liggur fyrir úr rammaskipulagi Elliðaársvogs.

¹³ M.a. seinkun uppbyggingar á reitum sem voru á áætlun 2012-2016.

3 Áhrif breytinga og samræmi við megin markmið AR2010-2030

Í verklýsingu var tekið fram að við mat á umhverfisáhrifum verði einkum horft til eftirfarandi atriða:

1. Áhrif aukins byggingarmagns á samgöngur, einkum bílumferð, hljóðvist og loftgæði.
2. Áhrif aukinnar byggðar og stígatenginga á náttúru- og útivistarsvæði, einkum Háubakka og útivistarsvæði við Naustavog.
3. Áhrif fjölgunar íbúða á skólastofnanir og stefnu um uppbyggingu skólahverfa við Elliðaárósa. Enn fremur verði horft til stefnunnar *Húsnæði fyrir alla* þegar lagt er mat á áhrif fjölgunar íbúða.

Þessu til viðbótar er fjallað um samræmi breytingar og áformaðrar uppbyggingar við megin markmið aðalskipulagsins, m.a. um samræmi við húsnæðisstefnuna (sbr. lið 3 hér að ofan). Auk þess er fjölgun íbúða í Vogabyggð sett í samhengi við fyrirliggjandi áætlanir um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis.

3.1 Áhrif breytinga á umhverfi og náttúru.

Breytingar sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér, einkum varðandi aukið byggingarmagn, er ekki talin hafa áhrif á náttúru umfram það sem getið er um í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins 2010-2030. Við mótun deiliskipulags er tekið fullt tillit til hins friðaða svæðis við Háubakka. Við hönnun brúar, frá Vogabyggð yfir í Naustavog, þarf að gæta að ekki verði rask innan hins friðlýsta svæðis. Breytingartillagan hefur áhrif á útivistarsvæði, að því leyti að tekið er frá land við Naustavog fyrir skólabyggingar og frístundaheimili. Við hönnun mannvirkja er mikilvægt að taka tillit til nærliggjandi útivistarstarfsemi og tryggja samspil milli útivistarsvæðis og skólalóðar. Nýir stígar munu hafa óveruleg áhrif á útivist og náttúru, en tryggja betra aðgengi að svæðunum. Að öðru leyti er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í gögnum deiliskipulagsins.

3.2 Áhrif fjölgunar íbúða á þjónustustofnanir í hverfinu.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu sem þjóna mun hinni nýju byggð. Áhrif á þjónustustofnanir í nærliggjandi hverfum verða því óveruleg og einvörðungu tímabundin, ef einhver verða. Sjá minnisblað skóla- og frístundasviðs í Viðauka 6.1.

3.3 Áhrif breytinga á umferð frá svæðinu.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir all nokkurri aukningu byggingarmagns á svæðinu og breyttu hlutfalli milli íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Í þessari umfjöllun er fyrst og fremst fjallað um þau áhrif sem breytingartillagan hefur í för með sér, þ.e. umferðarsköpun byggðar miðað við óbreytt aðalskipulag og samkvæmt breytingartillögu. Varðandi heildar áhrif fullbyggðs svæðis,¹⁴ á umferð, staðbundin áhrif og flæði á einstökum götum (m.a. aðliggjandi stofnbrautum), hljóðvist og loftgæði er vísað til gagna deiliskipulags.

Uppbygging í Vogabyggð samkvæmt gildandi aðalskipulagi gæti leitt til nettóaukningar á byggingarmagni um alls 96.000 fermetra, auk umbreytingar atvinnuhúsnæðis. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi var reiknað með allt að 480 íbúðum á reitnum. Miðað við 100 fermetra stærð íbúða yrði íbúðarhúsnæði 48.000 fermetrar. Nettóaukning atvinnuhúsnæðis var áætlað allt að 48.000 fermetrar með vikmörkum. Á svæðinu voru fyrir 70.000 fermetrar atvinnuhúsnæðis, þannig að

¹⁴ Reikna má með að atvinnuhúsnæði á svæðinu fullbyggist á mun lengri tíma en íbúðarhúsnæði og var gert ráð fyrir því að í umferðarspá AR2010-2030 fyrir árið 2030. Frekari samgöngubætur á stofnbrautarkerfi Reykjavíkur, t.d. varðandi Sundabraut, gætu átt sér stað áður en svæðið verður fullbyggt.

heildar heimild um atvinnuhúsnæði er um 118.000 fermetrar. Reikna má með að 70% atvinnuhúsnæðis verði eftir umbreytingar verslun og skrifstofur en 30% annað atvinnuhúsnæði. Miðað við stærð íbúða og almenna þróun í aldursskiptingu, mætti reikna með að meðaltali um 2,1 íbúa á íbúð.

Breytingartillagan hefur í för með sér að íbúðum mun fjölga og verða allt að 1400, en þá er gengið útfrá því að vikmörk verði nýtt og heimild um íbúðarhúsnæði á miðsvæðinu verði fullnýtt. Miðað við fyrirbyggjandi drög að deiliskipulagi gæti atvinnuhúsnæði í heild á svæðinu orðið um 90.000 fermetrar, ef gefið er að heimild um íbúðarhúsnæði á miðsvæði verði fullnýtt. Hlutfall atvinnuhúsnæðis eftir flokkum yrði áfram lauslega áætlað 70% verslun og skrifstofur og 30% annað.¹⁵

Umferðarsköpun vegna aukinnar uppbyggingar í Vogabyggð				
Ferðamyndunarjafna VSÓ: 1,85*íbúar+0,14*m ² verslun/skrifstofur+0,04*m ² annað húsnæði				
	íbúar	verslun/skrifstofur (fm)	annað húsnæði (fm)	
Fyrir breytingu	1.008	82.600	35.400	
Fjöldi ferða	1.865	11.564	1.416	14.845
Eftir breytingu	2.940	68.600	29.400	
Fjöldi ferða	5.439	9.604	1.176	16.219

Þrátt fyrir verulega aukið byggingarmagn, frá gildandi aðalskipulagi, verður aukning umferðar ekki í beinu hlutfalli við það, þar sem gera má ráð fyrir að íbúðarhúsnæðið verði að nokkru leyti á kostnað atvinnuhúsnæðis, en verslunar- og skrifstofuhúsnæði skapar almennt meiri umferð en íbúðarhúsnæði. Aukning frá núverandi ástandi, þ.e. miðað við byggð sem er á svæðinu í dag, verður hinsvegar töluverð. Fjallað er nánar um umferð og samgöngur í gögnum deiliskipulagsins.

3.4 Samræmi breytingartillögu við megin markmið aðalskipulagsins.

Uppbygging í Vogabyggð samræmist vel megin markmiðum aðalskipulagsins, s.s. um þétta og blandaða byggð, styttingu vegalengd og beyttar ferðavenjur, hagkvæma landnýtingu og endurnýtingu vannýtttra svæða og sjálfbæra þróun borgarinnar. Hversu vel uppbyggingin samræmist einstökum markmiðum aðalskipulagsins liggur þó á endanum í útfærslu stefnunnar í deiliskipulagi. Miðað við fyrirbyggjandi rammaskipulag og drög að deiliskipulagi verður uppbyggingin í góðu samræmi við almenn marmið sem koma fram í kaflanum *Borg fyrir fólk*, s.s. um hæðir húsa, gæði byggðar og samspil byggingarreita og gatna og opinna rýma.

Breytingartillaga um fjölgun íbúðum á svæðinu samræmist ennfremur vel markmiðum húsnæðisstefnu um uppbyggingu á miðlægum svæðum og að mæta eftirspurn eftir íbúðum miðað við núverandi ástand á húsnæðismarkaði, en uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur almennt gengið hægar á höfuðborgarsvæðinu en áætlanir ganga útfrá. Meðalstærð íbúða í fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu er rúmir 100 m² og er gert ráð fyrir íbúðum á breiðu stærðarbili. Reykjavíkurborg er ekki með beinan byggingarrétt á svæðinu en gert er ráð fyrir að við uppbyggingu verði tekið mið af húsnæðisstefnu aðalskipulagsins og samningsmarkmiðum borgarráðs um uppbyggingu á einstökum svæðum.

¹⁵ Hér er umferð reiknuð miðað við fullbyggt svæði og breytingar á ferðavenjum eru ekki reiknaðar inni. Hér er því um hámarksmat að ræða, en tilgangurinn er fyrst og fremst að kanna hvaða áhrif aukins byggingarmagns og hlutfalls atvinnuhúsnæðis.

Áformuð tímasetning uppbyggingar í Vogabyggð er í samræmi við markmið um forgangsröðun byggingarsvæða og áherslu á uppbyggingu á þróunarsnum Örfirisey-Keldur. Það er hinsvegar ljóst er að uppbygging á svæðinu er seinna á ferðinni en áður var ráðgert.

Veruleg fjölgun íbúða á svæðinu er talin forsvaranleg í ljósi þessi að sýnt er að uppbyggingu hefur seinkað á fjölmörgum uppbyggingarreitum vestan Elliðaána sem ráðgert var að færu í uppbyggingu á tímabilinu 2012-2016. Ætla má að með þessari seinkun séu um 1600 íbúðir að færast á milli tímabila og munar mestu um seinkun uppbyggingar á reitum í Vatnsmýri. Miðað við spá AR2010-2030 hafa verið byggðar um 800 íbúðum færra en gert var ráð fyrir á tímabilinu 2010 til 2015. Ef horft er til tímabilsins 2014 til 2020 og húsnæðisáætlunar borgarinnar til næstu ára, sem er í takti við þróunaráætlun svæðisskipulagsins, verður þetta ekki unnið upp fyrir árið 2020 (sjá nánar Viðauka 6.2).

4 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Fyrirhuguð uppbygging í Vogabyggð samræmist megin markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, s.s. varðandi landnotkun og samgöngukerfi, þéttingu og blöndun byggðar og sjálfbæra þróun. Við mótnun breytingartillögu var miðað við að möguleg fjölgun íbúða í Vogabyggð samræmist þeim viðmiðum og markmiðum um byggðapróun sem sett eru fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Vogabyggð er samgöngumiðað þróunarsvæði, liggur að megin þróunarsvæðisskipulagsins og þar sem borgarlína er áformuð samkvæmt svæðisskipulaginu. Í töflu 1, bls. 34, í svæðisskipulaginu segir: „Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðin verði í kjörnum og samgöngumiðuðum svæðum. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðuðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.“ Fjölgun íbúða á svæðinu samræmist því vel því markmiði svæðisskipulagsins að auka hlut uppbyggingar í kjörnum og samgöngumiðuðum svæðum. Breytingin í Vogabyggð er ekki ýkja stór í svæðisskipulagslegu samhengi. Hún varðar um 900 íbúða fjölgun eða um 0,9% af heildaríbúðafjölda á höfuðborgarsvæðinu í dag. Skipulag Vogabyggðar mun ennfremur uppfylla í öllum meginatriðum þær kröfur og þau viðmið sem sett eru fram um samgöngumiðuð svæði í töflu 2, bls. 36 í svæðisskipulaginu.

Rétt er að undirstrika að framfylgd AR2010-2030 og samræmi þess við markmið svæðisskipulags, er enn frekar tryggt með reglubundinni vöktun og eftirliti, þ.e. „með árlegum aðgerðaáætlunum og uppbyggingaráætlunum“¹⁶ og ákvæðum svæðisskipulags um gerð þróunaráætlana til 4 ára. Í fyrirbyggjandi þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir um 500 íbúðum í Vogabyggð til ársins 2022, þar af 200 íbúðum til ársins 2020. Eins og áður er vikið að hefur uppbyggingu seinkað verulega á allmörgum reitum, sem þróunaráætlun gerði ráð fyrir að yrðu fullbyggðir fyrir 2020. Það vegur á móti fjölgun íbúða í Vogabyggð og vel það, og því má ætla að breytingartillagan raski ekki forsendum þróunaráætlunar (sjá nánar Viðauka 6.2.)

Að öðru leyti er gerð grein fyrir staðbundnum umhverfisáhrifum í deiliskipulagstillögu fyrir reitinn sem auglýstur er samhliða.

¹⁶ Árleg skýrsla um framfylgd aðalskipulagsins.

5 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 3.júlí 2014. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnunar, hverfisráð Laugardals, Vegagerðarinnar og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, hverfisráði Laugardals og Skipulagsstofnun.

Drög að aðalskipulagsbreytingu voru kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í maí 2016. Drögin voru meðal annars send nágrannasveitarfélögum, aðliggjandi sveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, en nefndin er formlegur umsagnaraðili um tillöguna.¹⁷ Umsögn barst frá Vegagerðinni þann 17. maí sl. Þar er áréttuð fyrri afstaða um að mögulegri legu Sundabrautar, á svokallaðri innri leið III, verði haldið áfram opinni þar til endanleg niðurstaða hefur fengist um heildarskipulag Sundabrautar. Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Sundabraut sýnd á leið I og innri leið (III) er alfarið hafnað (bls. 148-149 í greinargerð aðalskipulags). Fyrirliggjandi aðalskipulagsbreyting varðandi Vogabyggð felur ekki í sér breytingar á ákvæðum varðandi Sundabraut eða aðrar stofnbrautarframkvæmdir. Tillögudrögin voru kynnt í hverfisráði Laugardals þann 17. maí sl. Haldinn var opinn íbúafundur þann 2. júní í Vogaskóla sem auglýstur var í fjölmiðlum. Áður höfðu drögin verið gerð aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Drög að tillögunni voru kynnt á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 10. júní sl. Í ályktun svæðisskipulagsnefndar er því beint til Reykjavíkurborgar að ákvarða legu Borgarlínu, sbr. aðgerð 2.2.6 í svæðisskipulaginu, í tengslum við skipulag Vogabyggðar. Tekið er undir ályktun nefndarinnar um að nauðsynlegt sé að ákvarða nánar um Borgarlínu áður en gengið er endanlega frá skipulagi Vogabyggðar, þ.e. deiliskipulagi á svæðum 3 og 4. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur samgönguásinn sunnan svæðis 4. Ljóst er einnig að lega Borgarlínunnar um Elliðaárósa þarf að taka mið af skipulagi nýrra hverfa austan óssins. Vinna við rammaskipulag í Ártúnshöfða er hafin og fyrirhugað er að vinna samhliða því að nánari greiningu á legu samgönguáss/Borgarlínu yfir Elliðaárósa. Niðurstöður þeirrar vinnu gætu legið fyrir síðar á þessu ári og leitt til frekari breytinga á aðalskipulaginu.

Samþykkt var að auglýsa tillöguna samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. júní og í borgarráði 23. júní sl. Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var kynnt samhliða tillögu að deiliskipulagssvæði 2 í Vogabyggð. Einnig var lögð fram skýrsla um fjallar sérstaklega um umhverfisáhrif uppbyggingarinnar. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 19. ágúst til 30. september 2016. Frestur til að gera athugasemdir var til 30. september sl.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrir í vinnsluferli tillögunnar og tekið var tillit til og fjallað var um áður en tillagan fór í auglýsingu. Athugasemdir leiðir ekki til breytinga á tillögunni (sjá *Viðauka. Afgreiðsla athugasemda*). Vegna ábendinga hefur verið bætt við eftirfarandi við skilgreiningu íbúðarbyggðar (ÍB58): „Við Dugguvog og nýja götu í framhaldi hans til norðurs, þ.e. þann hluta götunnar sem er innan íbúðarbyggðar, gilda sömu heimildir og á aðalgötum, sbr. skilgreiningu aðalgatna á bls. 204-205.“

¹⁷ Samanber ákvæði *Höfuðborgarsvæðisins 2040*, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggi fyrir áður en tillögur eru staðfestar.

6 Viðauki

6.1 Minnisblað um skólamáli



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla-og frístundasviðs

Efni: Vogabyggð, ný íbúabyggð í Vogahverfi – grunnskólar, leikskólar og frístundaþjónusta

Verið er að vinna deiliskipulag fyrir nýja íbúðabyggð í Vogahverfi. Gert er ráð fyrir 1100 íbúða byggð.

Miðað við 0,4 – 0,6 grunnskólanemendur á hverja íbúð má gera ráð fyrir að 440 – 660 nemendur í 1. – 10. bekk verði í hverfinu þegar það er fullbyggt. Miðað er við 0,1 leikskólabarn á hverja íbúð og því má gera ráð fyrir að 100 – 110 leikskólabörn verði í fullbyggðu hverfi.

Vegna uppbyggingar leik- og grunnskóla auk frístundaþjónustu á svæðinu er mikilvægt að hafa í huga framtíðaruppbyggingu í Ártúnshöfða og Bryggjuhverfi, einnig þarf að skoða hvaða áhrif ný íbúðabyggð hefur á skólastarf í Hamraskóla og setja fram stefnu um skóla- og frístundamál fyrir allt svæðið.

Eins og staðan er í dag er hugmynd að grunnskóli, 1. – 7. bekkur verði reistur á nesinu við smábátahöfnina með ca. 300 – 460 nemendum. Í þeim skóla verði einnig leikskóli og frístundaheimili með svipuðu sniði og í Dalskóla. Hugsanlega verði einn til tveir sambærilegir grunnskólar byggðir á næstu reitum og síðan safnskóli sem tæki við unglungum úr öllum skólunum, huga þarf að aðstöðu fyrir félagsmiðstöð fyrir unglungana. Unglingar hverfisins ættu skólasókn í Vogaskóla eða Langholtsskóla á meðan á uppbyggingu stendur.

Steinahlíð og Brákarborg geta tekið við börnum á leikskólaaldri þannig að ekki er þörf fyrir annan leikskóla á svæðinu eins og staðan er í dag. Hugsanlega gætu yngstu nemendur grunnskólans verið í Steinahlíð ef vilji er til þess.

Vogabyggð er á mörkum þriggja íþróttafélaga, Þróttar í Laugardal, Fjölnis í Grafarvogi og Víkings í Fossvogi. Ekki hefur verið ákveðið hverju þeirra nýja byggðin tilheyrir.

6.2 Bygging íbúðarhúsnæðis 2010-2020. Endurmat forsendna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og samræmi við áætlanir AR2010-2030 og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis

Heimildir Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Staðfest febrúar 2014				Uppbygging, áorðnar breytingar, mat á seinkun					
Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030				2024	2024-2030	Eftir 2030	Uppbygging (hafin/samþykkt)	Breytingar (tillaga/raun)	Uppbygging 2012-2016 -seinkun
Reitur	Fjöldi íbúða	Tímabil							
Vesturbær	1 Keilugrandi	65 2012-2016		65					65
	2 Lýsisreitur	150 2012-2016		150			141	-9	
	3 Þyko-reitur	70 2012-2016		70					70
	4 Landhelgisreitur	50 2012-2016		50					50
	5 Héðinsreitur	275 2012-2016		275					275
	6 Slippasvæði-Nylendureitu	330 2012-2016		330			250	-80	
	12 Vísindagarðar	300 2012-2016		300					
	14 Fluggarðar	300 2012-2020		300					150
	16 Skerjafjörður	800 2012-2020		600	200				300
Miðborg	7 Miðbakk-TRH	150 2016-2024		150			178	28	
	8 Kvosin	100 2012-2030		65	35				
	9 Laugavegur+	250 2012-2030		175	75		230	-20	
	10 Skuggahverfi	100 2012-2016		100					
	11 Barónsreitur	100 2012-2020		100			140	40	
Vatnsmýri	17 Vatnsmýri-norður	950 2024-			950				
	18 Vatnsmýri-suður	700 2024-			700				
	19 Vatnsmýri-austur/vestur	3300 2024-				3300			
Hlíðar	13 Hlíðarendi	500 2012-2020		500			600	100	300
	15 Öskjuhlíð-HR	300 2012-2020		300			340	40	170
	22 Hampiðjureitur	150 2012-2016		150			140	-10	
	23 Ásholt-sreitur	100 2012-2016		100					
	24 Einholt-Þverholt	250 2012-2016		250			223	-27	
	25 Laugavegur-Skipholt	100 2012-2030		65	35				
	35 KHÍ-reitur	50 2012-2020		50					
Laugardalur	20 Sætún-Lögreglustöðvar	100 2012-2016		100					
	21 Höfðatorg	250 2012-2016		250					150
	26 Bílanaust	200 2012-2016		200			177	-23	
	27 Kirkjusandur-SVR	150 2016-2020		150			300	150	
	28 Blómavals	100 2016-2020		100			120	20	
	34 SS-reitur	150 2016-2020		150					
	29 Köllunarklettur	200 2016-2020		200					
að hluta	30 Suðurlandsbraut-norður	150 2016-2030		75	75				
	33 Skeifan	500 2016-2030		250	250				
	37 Vogabyggð	400 2012-2016		400					
Háaleiti að hluta	30 Suðurlandsbraut-suður	300 2016-2030		150	150				
	31 Kringlan	150 2020-2024			150				
	32 Sléttuvegur	250 2012-2016		250					100
	36 Borgarspítalareitur	150 2012-2030		75	75				
	58 Rúv (í kynningu)	350 2016-2020						300	
Þétting vestan Elliðaáa				6495	2695			509	1630
Breiðholt	45 Mjódd	150 2020-2024		150					
	46 Suður-Mjódd	100 2016-2020		100					
	47 Fellagarðar	50 2012-2020		50					
	48 Gerðuberg	100 2012-2016		100					
	49 Suðurrhólar	50 2012-2016		50					
	50 Suðurfell	50 2016-2020		50					
Árbær	43 Hraunbær 103-105	50 2016-2020		50					
	44 Ártúnshöfði-Rafstöðvar	50 2020-2024		50					
	51 Vindás	20 2012-2020		20					
Grafarvogur	38 Elliðaárvogur-Bryggju II	900 2014-2024		900					
	39 Elliðarárvogur-Vogur	1200 2014-2030		900	300				
	40 Elliðaárvogur-Höfðar	700 2014-2024		700					
	41 Spöngin-Móavegur	100 2012-2016		100					
	42 Keldur	400 2024-2030				400			
Grafarholt-Úlfarsárdalur	53 Úlfarsárdalur-hverfi I	500 2012-2016		500					
	54 Úlfarsárdalur-Leirtjörn	300 2016-2020		300					
	55 Úlfarsárdalur-blönduð	300 2024-2030			300				
	52 Reynisvatnsás	100 2012-2016		100					
Þétting austan Elliðaáa				3220	600				
Kjalarnes	56 Grundarhverfi	200		130	70				
Þétting-heild (N-S braut til 2020/2024)				9715	3295				
Hlutfall				0,904					
Úthverfi				1030	370				
Hlutfall				0,096					
Alls:				10745	3665	14410			
Íbúðir á ári (athuga miðað við mögulegar heimildir en ekki raunhaft áætlun um hraða uppbyggingar)				895		10710			
Íbúðir á ári - þétting vestan Elliðaáa				541					

6.3 Umsagnir

Reykjavíkurborg-Umhverfis og skipulagssvið
 Björgvin Rafn Sigurðarson
 Borgartúni 12-14
 105 Reykjavík

Skjalnúmer	Afrit til	Ábmr.
Móttekið	19. JÚLÍ 2016	<i>ARM</i>
Skrifst. sviðstj.	<input type="checkbox"/> Nefnd / Afgr.fund.	Afgreitt
Byggingarfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Skipulagsfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Athugasemdir		

Reykjavík, 15. júlí 2016
 Tilvísun:201407039 / 3.2

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Vogabyggð

Reykjavíkurborg - umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 24. júní 2016, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráð þann 23. júní 2016.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. í júní 2016.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir miðsvæði (M19) og íbúðarsvæði. Svæðið er þegar að stórum hluta byggt. Gert er ráð fyrir miðsvæði næst Sæbraut en íbúðarsvæði vestan og norðan vogar. Alls er gert ráð fyrir um 1.300 íbúðum í Vogabyggð í stað 400. Gert er ráð fyrir grunnskóla fyrir 1. til 7. bekk á 1,5 ha lóð við Naustavog.

Engar umsagnir bárust með erindinu.

Skipulagsstofnun bendir á að merkja þarf íbúðarreitina í samræmi við aðra reiti í aðalskipulaginu. Í greinargerðinni er víða vísað í örnefni og heiti, s.s. götunöfn, en hvergi í greinargerðinni er kort með örnefnum og heitum. Bæta þarf úr þessu svo kynningargögn verði aðgengilegri.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Ólafur Brynjar Halldórsson
 Ólafur Brynjar Halldórsson



Reykjavík, 20. júní 2016

Borgarráð Reykjavíkur

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Vogabyggð. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi til samþykktar í auglýsingu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Umsögn svæðisskipulagsnefndar frá 10. júní.

Bókun svæðisskipulagsnefndar um aðalskipulagsbreytingu vegna Vogabyggðar, barst þann 15. júní sl., eftir að umhverfis- og skipulagsráð afgreiddi tillöguna frá sér þann sama dag.

Eftirfarandi segir í bókun nefndarinnar:

„Svæðisskipulagsnefnd beinir því til Reykjavíkurborgar að hrinda af stað aðgerð 2.2.6. og nýta skipulagsvinnu við Vogabyggð til að ákveða Borgarlínu og skilgreina stoppistöðvar í Vogabyggð. Í þeirri vinnu ætti útgangspunkturinn að vera þær leiðir sem skilgreindar voru í skýrslunni Borgarlína, greining á bestu legu og kom út hjá SSH í mars 2015.“

Vegna þessa er lagt til að bætt verði eftirfarandi í kafla 5, *Afgreiðslu- og kynningarferli* (bls. 17) í greinargerð aðalskipulagsbreytingar, þar sem fjallað er um framkomnar umsagnir (feitlettrað):

“Drög að tillögunni voru kynnt á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 10. júní sl. Í **ályktun svæðisskipulagsnefndar er því beint til Reykjavíkurborgar að ákvarða legu Borgarlínu, sbr. aðgerð 2.2.6 í svæðisskipulaginu, í tengslum við skipulag Vogabyggðar. Tekið er undir ályktun nefndarinnar um að nauðsynlegt sé að ákvarða nánar um Borgarlínu áður en gengið er endanlega frá skipulagi Vogabyggðar, þ.e. deiliskipulagi á svæðum 3 og 4. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi liggur samgönguásinn sunnan svæðis 4. Ljóst er einnig að lega Borgarlínunnar um Elliðaárósa þarf að taka mið af skipulagi nýrra hverfa austan óssins. Vinna við rammaskipulag í Ártúnshöfða er hafin og fyrirhugað er að vinna samhliða því að nánari greiningu á legu samgönguáss/Borgarlínu yfir Elliðaárósa. Niðurstöður þeirrar vinnu gætu legið fyrir síðar á þessu ári og leitt til frekari breytinga á aðalskipulaginu.”**

Umsögnin leiðir ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni sjálfri.

Haraldur Sigurðsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 13.07.2016
1605003 SB

Varðar: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Vogabyggð

Á 67. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 10. júní s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Erindi frá Reykjavíkurborg þar sem kynnt er drög að breytingu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Umræður

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, greindi frá breytingartillögunni og benti á að ekki er fjallað um Borgarlínuna sem mun liggjum um eða hafa snertifleti við Vogabyggð. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi frumkvæði í að skilgreina nákvæma legu Borgarlínu og helstu stoppistöðva.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd beinir því til Reykjavíkurborgar að hrinda af stað aðgerð 2.2.6. og nýta skipulagsvinnu við Vogabyggð til að ákveða Borgarlínu og skilgreina stoppistöðvar í Vogabyggð. Í þeirri vinnu ætti útgangspunkturinn að vera þær leiðir sem skilgreindar voru í skýrslunni Borgarlína, greining á bestu legu og kom út hjá SSH í mars 2015.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppe
svæðisskipulagsstjóri



Reykjavíkurborg

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykholti, 8.06.2016
1606011 VV

**Efni: Tölvuskeyti Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 11. maí 2016;
Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 27. maí 2016 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu þess:

**Tölvuskeyti Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags.
11. maí 2016; Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

Lagt fram tölvuskeyti Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem kynnt eru drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030, varðandi Vogabyggð.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að yfirfara málið og felur honum jafnframt að svara erindinu fyrir hönd Bláskógabyggðar.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 2. júní 2016

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
b.t. Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12-14
101 Reykjavík

Kópavogi, 1. júní 2016
16051113/510.03 ÞK

Úr fundargerð skipulagsnefndar Kópavogs, 30. maí 2016:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Vogabyggð. Breyting á aðalskipulag.

Á fundi skipulagsnefndar 30. maí 2016 voru lögð fram til kynningar drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi Vogabyggð dags. 5.5.2016.

Lagt fram og kynnt.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsstjóra

Þóra Kjarval
Arkitekt



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar
Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri
Borgartúni 12-14
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2016
Tilvísun: 2011070006
EBj/

Efni: Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Vogabyggð

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Reykjavíkurborgar, dags. 11.05.2016, varðandi kynningu á drögum að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Vogabyggðar. Breytingin felst einkum í fjölgun íbúða úr 400 í 1.200 íbúðir.

Í tengslum við þetta mál vísar Vegagerðin til fyrri erinda sinna, en þar segir eftirfarandi í erindi vegamálastjóra, dags. 26.02.2014, til borgarstjórans í Reykjavík um skipulag Vogabyggðar og legu Sundabrautar:

"Vegna fréttu að undanfögnu af niðurstöðum hugmyndasamkeppni um skipulag Vogabyggðar í Reykjavík telur Vegagerðin nauðsynlegt að minna á þann undirbúning, sem fram hefur farið vegna lagningar Sundabrautar.

Á árunum 1995-2010 voru gerð frumdrög að Sundabraut frá Sæbraut að Kjalarnesi. Skoðaðir voru allir kostir, sem til greina þóttu koma. Kostnaður við gerð frumdraganna veltur á hundruðum milljóna króna.

Þar sem kostnaðaráætlanir og arðsemismat bentu ótvírætt til þess að svokölluð innri leið yfir Kleppsvík væri hagkvæmasti kosturinn hefur Vegagerðin mælt með því að sú leið verði valin.

Til upprifjunar skal hér aðeins nefnt að í minnisblaði verkfræðistofunnar Eflu dags. 28. janúar 2009 kom fram að „Eyjalausn á leið III, valkostur 1 um Geldinganes og Leiruvog-Ytri leið yfir Kollafjörð“ var áætluð kosta 32,5 milljarða kr., en „Sundagöng, valkostur 1 um Geldinganes og Leiruvog-Ytri leið yfir Kollafjörð“ var áætluð kosta 45,5 milljarða kr. Mismunur þessara tveggja kosta var því áætlaður um 13 milljarðar kr. Ýmis önnur atriði hafa áhrif á hagkvæmni, svo sem möguleg áfangaskipting verksins.

Vegagerðin fer því fram á það, með bréfi þessu, að áfram verði haldið opnum þeim möguleika að Sundabraut verði lögð frá Sæbraut um Kleppsmýrarveg og þaðan áfram yfir Kleppsvík að Gufunesi í samræmi við fyrirliggjandi frumdrög, sem unnin voru í samvinnu borgarinnar og Vegagerðarinnar. Skipulag Vogabyggðar verði takmarkað við Kleppsmýrarveg, þar til fyrir liggur samkomulag um áðurnefnda eða aðra legu Sundabrautar.

Þann 15. október 2013 var lögð fram í borgarstjórn tillaga um að óska eftir viðræðum við ríkið um framtíð Sundabrautar, kostnað, arðsemi, leiðir til fjármögnunar, áfangaskiptingu og tímasetningu. Tillögunni var vísað til borgarráðs. Vonast hefur verið til að þessar viðræður gætu farið af stað, og þá hlýtur staðsetning Sundabrautar að vera eitt af því sem fjallað verður um. Þá má nefna að innanríkisráðherra hefur rætt um það opinberlega að setja af stað vinnu við að skoða einkafjármögnun samgöngumannvirkja, og nefnt Sundabraut sérstaklega. Þessi atriði styðja enn frekar þá ósk Vegagerðarinnar að möguleikum á að leggja Sundabraut á innri leið verði áfram haldið opnum.

Vegagerðin bendir einnig í þessu sambandi á 28. grein Vegalaga nr. 80/2007, en þar segir m.a. „Ákveða skal legu þjóðvega í skipulagi að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að höfðu samráði Vegagerðarinnar og skipulagsyfirvalda“.

Í erindi Vegagerðarinnar, dags. 21.07.2014, um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna Vogabyggðar segir eftirfarandi:

"Vegagerðin hefur móttengið erindi Reykjavíkurborgar, dags. 09.07.2014, vegna kynningar á lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi Vogabyggð.

Vegagerðin áréttar þá afstöðu sína sem áður hefur komið fram að hún telur að ekki sé fyrirbyggjandi samkomulag um legu Sundabrautar og við gerð skipulags Vogabyggðar beri að halda þeim valkosti opnum að Sundbraut geti komið í svokallaðri innri legu í framhaldi af Skeiðarvogi um Kleppsmýrarveg."

Þessu til viðbótar vísar Vegagerðin til samkomulags hennar og SSH, dags. 17.04.2015, um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við afgreiðslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Gert er m.a. ráð fyrir í samkomulaginu að greiningarvinna og gerð sameiginlegra tillagna um, hvernig meginstofnvegir muni áfram tryggja umferðaröryggi og afkastagetu, liggi fyrir í lok árs 2016. Fyrir þessar niðurstöður liggja fyrir er ekki fært að huga að neinum breytingum á stofnvegum höfuðborgarsvæðisins sem teljast til þjóðvega. Vegagerðin lítur svo á að lega Sundabrautar falli undir framangreint samkomulag og leggst gegn því að verið sé að vinna áfram með skipulag Vogabyggðar meðan niðurstöður framangreindrar vinnu liggur ekki fyrir.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Bjarnason
forstöðumaður áætlanadeildar

Afrit: Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis og SSH, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Örn Sigurðsson,
skrifstofustjóri
Borgartúni 10 - 12
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Skjalnúmer	Afrit til	Ábmr.
Mótttekið	18. ÁGÚ. 2014	<i>Arn</i> sigr
Skrifst. sviðstj.	<input type="checkbox"/> Nefnd / Afgr.fund.	Afgreitt
Byggingarfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Skipulagsfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Önnur samráðgjafar		

Reykjavík, 14. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700111/ksj

**Lýsing. Tillaga að breytingu aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030, Vogabyggð.
Tillaga að breyttu byggingarmagni, skilgreining svæðis fyrir samfélagsþjónustu og
breytt lega stíga.**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur er varðar Vogabyggð. Eftirtalin atriði verða tekin til skoðunar í væntanlegri breytingartillögu: Fjöldi íbúða á reit nr. 37, þ.e. fjölgun íbúða, magn atvinnuhúsnæðis, skilgreining svæðis fyrir samfélagsþjónustu þ.e. fyrir leik- og grunnskóla og lega samgöngutenginga.

Forsendur við gerð breytingar, umhverfisáhrif og samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030.

Í ofangreindum kafla er fjallað um að í breytingartillögu verði metin áhrif aukinnar stígatenginga á náttúru- og útivistarsvæði, einkum Háubakka og útivistarsvæði við Naustavog. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við áætlanir framkvæmda á reit 37 verði ávallt fullt tillit tekið til friðlýsta svæðisins Háubakka. Friðlýsta svæðið er 2 ha, en Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983 og hefur umgengni ekki alltaf verið góð á svæðinu. Umhverfisstofnun bindur vonir við að nú með breyttum áherslum á nærliggjandi svæðum verði umgengni á svæðinu önnur en verið hefur. Um náttúruvættið gilda reglur sem sjá má á heimasíðu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun minnir á að hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins er óheimilt nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar.

Kristín S. Jónsdóttir
Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 03.10.2014

Umhverfis- og Skipulagssvið Reykjavíkur
b.t. Haraldar Sigurðssonar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Á 121. fundi hverfisráðs Laugardals, sem haldinn var mánudaginn 29. september 2013 kynnti Haraldur Sigurðsson, sviðsstjóri á Umhverfis- og Skipulagssviði Reykjavíkurborgar, breytingu á aðalskipulagi í tengslum við Vogabyggð.

Hverfisráð Laugardals leggur áherslu á samstarf við Umhverfis- og Skipulagssvið á næstu stigum málsins og að hverfisráðið muni halda íbúafund um málefnið í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið.

Í framhaldi af innkomu Haraldar á fund hverfisráðs vill ráðið ítreka bókun sem gerð var á 118. Fundi hverfisráðs Laugardals:

Tryggja þarf betur en kemur fram í tillögum að tengingar séu góðar milli Vogahverfis og Vogabyggðar m.a. með því að setja Sæbraut í stökk eða sambærilega lausn.

Huga þarf vel að staðsetningu göngutengingar í framhaldi af Snekkjuvogi, (fallegur sjónás).

Vindstrengur er eftir Elliðaárdalnum í suðaustanátt, huga þarf að formum bygginga m.t.t. hugsanlegra vindhvirfla. Mikilvægt er að gera vindmælingar á skipulagstillögunni.

Gera þarf hljóðvistarmælingar á athafnasvæði Samskipa/hafnarinnar og áhrif þess á íbúðabyggð. Einnig þarf að gera hljóðvistarmælingar vegna þungaflutninga eftir Kleppsmýrarvegi.

Huga þarf vel að nýtingu dagsbirtu og sólar innan sem utan dyra og tilheyrandi skuggavarpi vegna hæðar húsa.

Tryggja þarf að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir varðandi breytingar á flæði umferðar fyrir alla samgöngumáta.

F.h. hverfisráðs Laugardals
Baldur Örn Arnarson



Reykjavíkurborg - Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. júlí 2014
Tilvísun: 2011070006
EBj/

Efni: Breyting á aðalskipulagi vegna Vogabyggðar

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Reykjavíkurborgar, dags. 09.07.2014, vegna kynningar á lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi Vogabyggð.

Vegagerðin áréttar þá afstöðu sína sem áður hefur komið fram að hún telur að ekki sé fyrirliggjandi samkomulag um legu Sundabrautar og við gerð skipulags Vogabyggðar beri að halda þeim valkosti opnum að Sundbraut geti komið í svokallaðri innri legu í framhaldi af Skeiðarvogi um Kleppsmýrarveg.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Bjarnason
forstöðumaður áætlanadeildar

6.4 Afgreiðsla athugasemda

Ann María Andreassen

Frá: snarfari@snarfari.is
Sent: 24. september 2016 08:46
Til: USK Skipulag
Afrit: robert.magnusson@landsbanki.is; gudrunv@wise.is; simon@atlantsolia.is; kristjan@ab.is; johannes@sts.is; snerra99@gmail.com; asgeir@bilapartar.is
Efni: Umhverfis- og skipulagssvið. Athugasemd við aðalskipulag

Góðan dag,

Í samningi Snarfara vð Reykjavíkurborg frá 2007 er gert ráð fyrir að hægt verði að stækka lóð félagsins til suðurs frá núverandi mörkum hennar. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er sett fram hugmynd um skólabyggingu þar sem gert var ráð fyrir að lóðin gæti stækkað og þannig girt fyrir þann möguleika.

Snarfari sinnir mikilvægu hlutverki í frístundarmenningu borgarinnar. Í klúbbnum eru núna um 330 manns og um 210 bátar. Höfnin tekur um 130 bátar og hefur umsóknnum farið mjög fjölgandi undanfarin ár og búist við frekari aukningu bátar á svæðinu. Nú er svo komið að höfnin er full og eru hugmyndir uppi um að stækka hana. Sú þjónusta sem Snarfari veitir borgurum er alfarið unnið í sjálfboðavinnu.

Uppsátur bátar tekur mikið pláss og þrengt er að möguleikum félagsins til stækkunar með þessu móti. Þjónusta Snarfara tekur einnig til vetrarsetu bátar bæði erlendra og innlendra sem eru ekki í félaginu og eru hugmyndir um að auka þann þátt í starfseminni. Þörfin fyrir geymslu bátar hefur aukist til muna með auknum ferðamannaíðnaði og áhuga á siglingum og er vandséð hvernig borgin gæti sinnt þessum þætti nú og til framtíðar ef ekki kæmi til þjónustu félagsins. Mikilvægt er því að félaginu sé tryggt nægt landrými til að gera sinnt þessum hluta starfseminnar fyrir borgara sem vilja eiga bátar og annarra sem hafa þörf fyrir geymslu bátar sinna.

Snarfari gerir því athugasemd við þennan lið í aðalskipulagi sem tengist skerðingu á stækkunarmöguleikum félagsins til suðurs út frá ofangreindum forsendum og vísar í gildandi samning félagsins við Reykjavíkurborg frá árinu 2007.

(Afrit sent stjórn og varastjórn félagsins)

Fyrir hönd Snarfara
Pétur Ólafur Einarsson, formaður

Reykjavík, 30. september 2016

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Vegna fyrirbyggjandi tillagna um breytinga á aðalskipulagi Vogabyggðar og deiliskipulagi svæðis 2.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur kynnt sér auglýstar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar fyrir Vogabyggð og deiliskipulagi fyrir Vogabyggð svæði 2 og vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Stjórn ÍL vill benda á að fyrirhuguð fjölgun íbúða m.v. gildandi aðalskipulag er mikil aukning miðað við það sem áður var gert ráð fyrir. Því er brýnt að Reykjavíkurborg geri strax áætlanir um uppbyggingu grunnþjónustu við hverfið svo að hún verði tiltæk þegar á þarf að halda. Fyrst má þar nefna að gera ráðstafanir til að tengja hverfið við Vogahverfi með öruggum göngu- og hjólaleiðum auk þess sem tengingar með almenningsvögnum þurfa að þjóna hverfinu frá upphafi.


Áætlanir gera ráð fyrir að börn sem búa í Vogabyggð gangi í Vogaskóla til að byrja með. Í því samhengi er áréttað að börn þurfa öruggar ferðaleiðir milli skóla og heimilis. Ennfremur er vísað í ályktun aðalfundar Íbúasamtakanna frá 2016 varðandi uppbyggingu íþróttahúsa við skóla hverfisins (sjá viðauka), en Vogaskóli hefur ekki íþróttahús fyrir sína nemendur og er háður aðgangi að húsnæði annarra fyrir sína nemendur, bæði í Menntaskólanum við Sund og hjá Tennis- og Badmintonfélagi Reykjavíkur.

Svæðið Vogabyggð 2 er aðlægt Sæbraut og er hávaða- og loftmengun frá henni töluverð. Gera þarf sérstakar ráðstafanir til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum á íbúa nærliggjandi gatna beggja vegna götunnar. Skipulagsforsendur varðandi umferð byggja á umferðalíkönnum en ekki talningum, en reynsla er fyrir því að umferðamódelin hafi vanmetið umferð um Sæbraut. Þar að auki eru þungaflutningar umtalsverðir á þessari leið sem auka enn álag.

Áætlanir gera ráð fyrir nokkurri aukningu umferðar í gegnum aðlægt hverfi. Því þarf að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi umferðar um nærliggjandi þvergötur, svo sem Skeiðarvog og Holtaveg. Ennfremur er það álit stjórnar að meta ætti kosti þess að fara í sértækar ráðstafanir varðandi tengingu Sæbrautar, t.d. í stökk, framhjá Vogabyggð samhliða úrbótum á göngu- og hjólaleiðum, enda hæðarmunur í landi milli hverfishlutanna töluverður.

Stjórn ÍL lítur svo á að íbúar þessa nýja hverfishluta tilheyri Laugardal og að mikilvægt sé að skipulag þessarar framkvæmdar taki mið af þörfum allra íbúa á svæði samtakanna. Stjórn Íbúasamtaka Laugardals er reiðubúin til samráðs varðandi farsælar lausnir.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Laugardals



Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður.

Viðauki

Ályktun aðalfundar Íbúasamtaka Laugardals 2016.

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals skorar á yfirvöld borgarmála að tryggja uppbyggingu þjónustuúrræða við íbúa hverfisins samhliða fyrirsjáanlegri fjölgun íbúa í hverfinu. Brýnast er að bæta úr aðgengi að íþróttahúsum við grunnskóla hverfisins og að tryggja að vinna við hönnun og skipulagningu nýbygginga tefji ekki stækkun þeirra skóla sem þurfa á því að halda. Fulltrúar Íbúasamtaka Laugardals eru reiðubúnir að styðja við slíka vinnu með þeirri grenndarþekkingu sem þar er að finna.



Reykjavík, 18.nóvember 2016

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Vogabyggð. Tillaga um breyttar heimildir varðandi fjölda íbúða, legu stíga og afmörkun lóðar fyrir samfélagsþjónustu. Umsögn um athugasemdir.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga

Aðalskipulagstillagan:

Breytingartillagan nær til Vogabyggðar, svæðis sem markast af Sæbraut til vesturs, Kleppsmýrarvegi til norðurs og Elliðaárvegi til austurs. Í tillögunni felst að fjöldi íbúða á svæðinu er aukinn úr 400 í 1300, ný lóð fyrir samfélagsþjónustu er skilgreind við Naustavog, legu stíga er breytt lítilla og forgangsröðun byggingarsvæða er endurskilgreind.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var kynnt samhliða tillögu að deiliskipulagssvæði 2 í Vogabyggð. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 19. ágúst til 30. september 2016. Frestur til að gera athugasemdir var til 30. september sl.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrr í vinnsluferli tillögunnar og tekið var tillit til og fjallað var um áður en tillagan fór í auglýsingu.

Athugasemdir-svör:

Snarfari, Pétur Ólafur Einarsson formaður, f.h. Snarfara, dagsett 24. sept:

Snarfari gerir athugasemd við afmörkun svæðis fyrir samfélagsþjónustu við Naustavog. Vísað er til viðaukasamnings Snarfara við Reykjavíkurborg frá 2007, sem gerir ráð fyrir stækkunarmöguleika núverandi lóðar félagsins til suðurs.

Svar:

Aðalskipulagið miðar við að Snarfari verði áfram með aðstöðu á Fleyvangi við Naustavog. Á tanguinum er nægilegt landrými, bæði fyrir fyrirhugaða samfélagsþjónustu og núverandi útivistarstarfsemi. Samkvæmt fyrirbyggjandi samningum er ádráttur um stækkun lóðar Snarfara m.a. tengdur því að koma geti til skerðingar á lóð þeirri sem félagið fékk afnot af með samningi 1986. Undirstrikað er að afmörkun svæðis fyrir samfélagsþjónustu er sýnd skematísk í aðalskipulagi en stærð svæða á Tanganum og mörk milli lóða verða skilgreind í væntanlegu deiliskipulagi, sem nú er í undirbúningi, og samhliða því teknað upp viðræður um endurskoðun samnings við Snarfara.

Íbúasamtök Laugardals, Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður, f.h. samtakanna, dagsett 30. sept.:

Íbúasamtökin benda á að um verulega fjölgun íbúða sé að ræða og því sé mikilvægt að byggja upp þjónustu við hverfið strax í upphafi. Tryggja þarf góðar tengingar fyrir gangandi og hjólandi umferð milli hins nýja hverfis og Vogahverfis og tryggja að almenningsamgöngur verði veittar í hverfinu frá upphafi. Þetta er sérstaklega mikilvægt til að tryggja öruggar ferðaleiðir fyrir börn, en gert sé ráð fyrir að börn í Vogabyggð sækji til að byrja með í Vogaskóla. Bent er á að gera þarf sérstakar ráðstafanir til að stemma stígu við neikvæðum áhrifum vegna hávaða- og loftmengunar á byggð sem rís næst Sæbraut og núverandi byggð vestangötunnar. Einnig er vakin athygli á því að gera þurfi ráðstafanir vegna aukningar umferðar á götum í aðlægum hverfum og tryggja umferðaröryggi þar. Lagt er til að metnir verði kostir þess að gera sérstakar ráðstafanir varðandi Sæbraut, t.d. að setja götuna í stökk

sem er ákjósanlegt vegna hæðarmunar. Undirstrikað er að Vogabyggð tilheyrir borgarhlutanum Laugardal og mikilvægt að þróun hins nýja hverfis taki mið af því.

Svar:

Tekið er undir mikilvægi þess að byggja upp grunnþjónustu við hverfið eins fljótt og auðið er, samhliða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu. Gert er ráð fyrir nýjum grunn- og leikskóla, auk frístundaheimilis, við Naustavog sem mun tryggja grunnþjónustu við hið nýja hverfi. Ekki er þó raunhæft annað en að fyrstu nemendur hverfisins sækji í núverandi leik- og grunnskóla og því er sérstaklega mikilvægt að tryggja öruggar ferðaleiðir barna yfir Sæbraut. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir mismörgum göngu- og hjólatengingu á mótum við Snekkjuvog, sem skapaði örugga tengingu Vogabyggðar við Vogahverfið. Ákvörðun um þá framkvæmd þarf að skoða í samhengi við aðrar mögulegar ráðstafanir vegna Sæbrautar, en tekið er undir að fylgjast þarf vel með þróun umferðar á Sæbrautinni og áhrifum hennar á hávaða- og loftmengun. Gert er ráð fyrir að strætisvagnaleið liggja um sjálft hverfið og um suðurhluta Vogabyggðar liggur hinn fyrirhugaði samgönguás aðalskipulagsins eða Borgarlína samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Það er mikilvægt, eins og kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingar, að möguleg útfærsla Borgarlínu liggja fyrir áður en gengið er frá skipulagi á svæðum 3 og 4 í Vogabyggð. Frumathugun á legu Borgarlínu, á þessu svæði, stendur nú yfir og þar er til skoðunar samspil hennar við gatnamót Sæbrautar og Miklubrautar og skipulag Sæbrautar almennt. Í því samhengi er vert að meta kosti þess að setja Sæbraut í stökk að hluta. Að öðru leyti er vísað til svara vegna athugasemda við auglýsta deiliskipulagstillögu.

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni. Vegna ábendinga hefur verið bætt við eftirfarandi við skilgreiningu íbúðarbyggðar (ÍB58) í tillögunni (feitletrað): „ÍB58. Vogabyggð. Almennar heimildir um íbúðarbyggð, samanber að framan. Jafnframt er gert ráð fyrir að atvinnustarfsemi, verslun, þjónusta, léttur og þrífalegur iðnaður geti verið heimill. **Við Dugguvog og nýja götu í framhaldi hans til norðurs, þ.e. þann hluta götunnar sem er innan íbúðarbyggðar, gilda sömu heimildir og á aðalgötum, sbr. skilgreiningu aðalgatna á bls. 204-205.“**

Haraldur Sigurðsson

Reykjavíkurborg-Umhverfis og skipulagssvið
 Björgvin Rafn Sigurðarson
 Borgartúni 12-14
 105 Reykjavík

Skjalnúmer	Afrit til	Ábmr.
Móttekið	19. JÚLÍ 2016	<i>ARM</i>
Skrifst. sviðstj.	<input type="checkbox"/> Nefnd / Afgr.fund.	Afgreitt
Byggingarfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Skipulagsfulltr.	<input type="checkbox"/>	
Athugasemdir		

Reykjavík, 15. júlí 2016
 Tilvísun:201407039 / 3.2

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Vogabyggð

Reykjavíkurborg - umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 24. júní 2016, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráð þann 23. júní 2016.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. í júní 2016.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir miðsvæði (M19) og íbúðarsvæði. Svæðið er þegar að stórum hluta byggt. Gert er ráð fyrir miðsvæði næst Sæbraut en íbúðarsvæði vestan og norðan vogar. Alls er gert ráð fyrir um 1.300 íbúðum í Vogabyggð í stað 400. Gert er ráð fyrir grunnskóla fyrir 1. til 7. bekk á 1,5 ha lóð við Naustavog.

Engar umsagnir bárust með erindinu.

Skipulagsstofnun bendir á að merkja þarf íbúðarreitina í samræmi við aðra reiti í aðalskipulaginu. Í greinargerðinni er víða vísað í örnefni og heiti, s.s. götunöfn, en hvergi í greinargerðinni er kort með örnefnum og heitum. Bæta þarf úr þessu svo kynningargögn verði aðgengilegri.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Ólafur Brynjar Halldórsson
 Ólafur Brynjar Halldórsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 13.07.2016
1605003 SB

Varðar: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; Vogabyggð

Á 67. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 10. júní s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Erindi frá Reykjavíkurborg þar sem kynnt er drög að breytingu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Umræður

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, greindi frá breytingartillögunni og benti á að ekki er fjallað um Borgarlínuna sem mun liggjum um eða hafa snertifleti við Vogabyggð. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi frumkvæði í að skilgreina nákvæma legu Borgarlínu og helstu stoppistöðva.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd beinir því til Reykjavíkurborgar að hrinda af stað aðgerð 2.2.6. og nýta skipulagsvinnu við Vogabyggð til að ákveða Borgarlínu og skilgreina stoppistöðvar í Vogabyggð. Í þeirri vinnu ætti útgangspunkturinn að vera þær leiðir sem skilgreindar voru í skýrslunni Borgarlína, greining á bestu legu og kom út hjá SSH í mars 2015.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppe
svæðisskipulagsstjóri

Reykjavík, 30. september 2016

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Vegna fyrirbyggjandi tillagna um breytinga á aðalskipulagi Vogabyggðar og deiliskipulagi svæðis 2.

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur kynnt sér auglýstar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar fyrir Vogabyggð og deiliskipulagi fyrir Vogabyggð svæði 2 og vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Stjórn ÍL vill benda á að fyrirhuguð fjölgun íbúða m.v. gildandi aðalskipulag er mikil aukning miðað við það sem áður var gert ráð fyrir. Því er brýnt að Reykjavíkurborg geri strax áætlanir um uppbyggingu grunnþjónustu við hverfið svo að hún verði tiltæk þegar á þarf að halda. Fyrst má þar nefna að gera ráðstafanir til að tengja hverfið við Vogahverfi með öruggum göngu- og hjólaleiðum auk þess sem tengingar með almenningsvögnum þurfa að þjóna hverfinu frá upphafi.


Áætlanir gera ráð fyrir að börn sem búa í Vogabyggð gangi í Vogaskóla til að byrja með. Í því samhengi er áréttað að börn þurfa öruggar ferðaleiðir milli skóla og heimilis. Ennfremur er vísað í ályktun aðalfundar Íbúasamtakanna frá 2016 varðandi uppbyggingu íþróttahúsa við skóla hverfisins (sjá viðauka), en Vogaskóli hefur ekki íþróttahús fyrir sína nemendur og er háður aðgangi að húsnæði annarra fyrir sína nemendur, bæði í Menntaskólanum við Sund og hjá Tennis- og Badmintonfélagi Reykjavíkur.

Svæðið Vogabyggð 2 er aðlægt Sæbraut og er hávaða- og loftmengun frá henni töluverð. Gera þarf sérstakar ráðstafanir til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum á íbúa nærliggjandi gatna beggja vegna götunnar. Skipulagsforsendur varðandi umferð byggja á umferðalíkönunum en ekki talningum, en reynsla er fyrir því að umferðamódelin hafi vanmetið umferð um Sæbraut. Þar að auki eru þungaflutningar umtalsverðir á þessari leið sem auka enn álag.

Áætlanir gera ráð fyrir nokkurri aukningu umferðar í gegnum aðlægt hverfi. Því þarf að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi umferðar um nærliggjandi þvergötur, svo sem Skeiðarvog og Holtaveg. Ennfremur er það álit stjórnar að meta ætti kosti þess að fara í sértækar ráðstafanir varðandi tengingu Sæbrautar, t.d. í stökk, framhjá Vogabyggð samhliða úrbótum á göngu- og hjólaleiðum, enda hæðarmunur í landi milli hverfishlutanna töluverður.

Stjórn ÍL lítur svo á að íbúar þessa nýja hverfishluta tilheyri Laugardal og að mikilvægt sé að skipulag þessarar framkvæmdar taki mið af þörfum allra íbúa á svæði samtakanna. Stjórn Íbúasamtaka Laugardals er reiðubúin til samráðs varðandi farsælar lausnir.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Laugardals



Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður.

Viðauki

Ályktun aðalfundar Íbúasamtaka Laugardals 2016.

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals skorar á yfirvöld borgarmála að tryggja uppbyggingu þjónustuúrræða við íbúa hverfisins samhliða fyrirsjáanlegri fjölgun íbúa í hverfinu. Brýnast er að bæta úr aðgengi að íþróttahúsum við grunnskóla hverfisins og að tryggja að vinna við hönnun og skipulagningu nýbygginga tefji ekki stækkun þeirra skóla sem þurfa á því að halda. Fulltrúar Íbúasamtaka Laugardals eru reiðubúnir að styðja við slíka vinnu með þeirri grenndarþekkingu sem þar er að finna.

Ann María Andreassen

Frá: snarfari@snarfari.is
Sent: 24. september 2016 08:46
Til: USK Skipulag
Afrit: robert.magnusson@landsbanki.is; gudrunv@wise.is; simon@atlantsolia.is; kristjan@ab.is; johannes@sts.is; snerra99@gmail.com; asgeir@bilapartar.is
Efni: Umhverfis- og skipulagssvið. Athugasemd við aðalskipulag

Góðan dag,

Í samningi Snarfara vð Reykjavíkurborg frá 2007 er gert ráð fyrir að hægt verði að stækka lóð félagsins til suðurs frá núverandi mörkum hennar. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er sett fram hugmynd um skólabyggingu þar sem gert var ráð fyrir að lóðin gæti stækkað og þannig girt fyrir þann möguleika.

Snarfari sinnir mikilvægu hlutverki í frístundarmenningu borgarinnar. Í klúbbnum eru núna um 330 manns og um 210 bátar. Höfnin tekur um 130 bátar og hefur umsóknnum farið mjög fjölgandi undanfarin ár og búist við frekari aukningu bátar á svæðinu. Nú er svo komið að höfnin er full og eru hugmyndir uppi um að stækka hana. Sú þjónusta sem Snarfari veitir borgurum er alfarið unnið í sjálfboðavinnu.

Uppsátur bátar tekur mikið pláss og þrengt er að möguleikum félagsins til stækkunar með þessu móti. Þjónusta Snarfara tekur einnig til vetrarsetu bátar bæði erlendra og innlendra sem eru ekki í félaginu og eru hugmyndir um að auka þann þátt í starfseminni. Þörfin fyrir geymslu bátar hefur aukist til muna með auknum ferðamannaíðnaði og áhuga á siglingum og er vandséð hvernig borgin gæti sinnt þessum þætti nú og til framtíðar ef ekki kæmi til þjónustu félagsins. Mikilvægt er því að félaginu sé tryggt nægt landrými til að gera sinnt þessum hluta starfseminnar fyrir borgara sem vilja eiga bátar og annarra sem hafa þörf fyrir geymslu bátar sinna.

Snarfari gerir því athugasemd við þennan lið í aðalskipulagi sem tengist skerðingu á stækkunarmöguleikum félagsins til suðurs út frá ofangreindum forsendum og vísar í gildandi samning félagsins við Reykjavíkurborg frá árinu 2007.

(Afrit sent stjórn og varastjórn félagsins)

Fyrir hönd Snarfara
Pétur Ólafur Einarsson, formaður